Kvennablaðið kostar 2 kr. innanlands erlendis kr. 2 60 (90 cent vestanhafs) 1/2 verðsins borgist fyrfram, en 1/2 fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

22. ár. | Reykjavík, 12. október 1916. | № 10.

Afmælisfagnaður.

Þann 20. september síðastliðinn varð hin góðkunna heiðarkona, amtmannsekkja frú Kristjana Hafstein, 80 ára. Munu fáar konur hér á landi hafa náð meiri ástsældum allra manna en hún. Þenna dag fékk hún heimsókn af nokkrum konum, sem færðu henni að gjöf snotra ljósmynd af Laufási í Höfðahverfi í Eyjafjarðarsýslu, í fallegri umgerð, með gullplötu og árituðu nafni, fæðingardegi og afmælisári. Myndinni fylgdi skrautritað ávarp og svohljóðandi kvæði eftir frú Jarþrúði Jónsdóttur:

Fuglar sungu einn fagran dag
forðum í Laufáss-viði;
ófædd var mærin sem átti þann brag.
Yndislegt hljómaði gleðilag
hátt upp í himininn borið,
hreint, eins og skinandi vorið.

Fæðast mundi þar fögur mær
fuglarnir spáðu á meiði,
mjúklynd sem blíðasti morgunblær,
mikilhæf, gáfuð og öllum kær,
auðug af mannúð og mildi,
meinin öll bæta hún vildi.

Árin liðu og aldirnar
áður en spá sú rættist,
skógurinn horfinn og skrautlegt bar,
skemtilegt var þó úti þar.
Sviphýra fegurð leit svanni,
sólin í foreldra ranni.

Mærin unga varð mentuð skjótt,
mikill og góður arfur.
Ýmislegt hafði' hún til Eggerts sótt,
íslenzk, skáldleg — með geðið rótt —
björt var og fögur í blóma.
Bar hún af öðrum með sóma.

Lítur Freyja nú Laufás sinn
ljúfan, í hárri elli.
Blóminn er farinn og bliknuð kinn,
blíðlegur fagnar þó svipurinn
æskunnar hjartfólgna inni,
aldrei sem leið henni' úr minni.

Frá einni gamalli vinkonu fékk hún einnig skrautritað svohljóðandi erindi, orkt af ungfr. Maríu Jóhannsdóttur:

Til amtmannsekkju
frú Kristjönu Hafstein.

Hvar sem ósingjörn elskan
hefir aðsetur trygt
í helgidómi' hjartans
guðs hásæti' er bygt.
Hver sem ástúðar orðið
velur öðrum og skjól,
sér um eilífðir allar
guðs ylríku sól.

Sá er brosið á bjartast
í blíðu og þraut
stráir ilmblómum ástar
á annara braut.
Sé þín æfin til enda
svo ylrík og heið
sem bjartasta brosið
um brá þína' er leið.

Þar sem hugur er heiður
og hjartað á völd
verður fegurðin fegurst
þegar færist að kvöld.
Þar sem hlý-mjúk er höndin
og hreint er hvert spor,
ljómar elli og aftann
sem æska og vor.

Auðvitað söfnuðust börn, barnabörn og tengdabörn utan um hina öldruðu heiðarkonu þenna dag, og rósum og blómum rigndi yfir hana, þótt haustdagarnir væru farnir að kólna.

Þann 27. september var líka annari konu haldinn afmælisfagnaður. Það var útgefanda Kvennablaðsins, sem þá átti sextugsafmæli. Færðu þá nokkrar konur úr Kvenréttindafélagi Íslands henni að gjöf frá félagskonum vandað gullúr, með fangamarki hennar grafnu utan á lokinu, og heillaóskum, afmælisdegi og ártali innan í. Einnig vandaða gullnál, smíðaða fyrir þetta tækifæri, og skrautritað ávarp, með nöfnum gefendanna undir. Ávarpið hljóðaði þannig:

»Vér Kvenréttindafélagskonur flytjum yður hugheilar hamingjuóskir á sextugsafmæli yðar, í okkar og annara nafni, fyrir hina miklu og góðu starfsemi yðar í þarfir íslenzkra kvenna, og óskum að mega njóta áhuga yðar og starfskrafta sem lengst.

Störf yðar verði gagn og sómi íslenzkra kvenna á komandi tímum«.

Sömuleiðis bárust henni fjöldi símskeyta frá ýmsum.

Nú er mál að vakna
eftir langan svefn.

Þetta má sannarlega segja um okkur íslenzku kvenþjóðina. Við höfum sofið helzt til lengi og gerum það líklega enn, allflestar, þó það, sem hvað annað, hafi heiðarlegar undantekningar. Nokkrar af helztu konum okkar hafa um mörg undanfarin ár verið framúrskarandi vel vakandi, og mega því með réttu kallast forvígiskonur, sem með atorku sinni og dugnaði hafa stuðlað að því, að konum veittist það jafnrjetti, sem þær nú hafa hlotið. En hvernig þökkum við þessa miklu baráttu þeirra? Við tökum við því öllu þegjandi og án þess að þakka þeim hið minsta þeirra mikla starf. Já, við sýnum ekki svo mikinn áhuga fyrir hinni andlegu vakningu kvenþjóðarinnar, að við styrkjum þetta eina málgagn íslenzkra kvenna, Kv.bl., með því að kaupa það og lesa og færa okkur í nyt þær góðu ritgerðir og frásagnir, sem það hefur að flytja. Þetta er ófyrirgefanlegt sinnuleysi, og það sýnir greinilega hve langt við erum á eftir karlmönnunum í framtakssemi og dugnaði. Þeir standast við að kaupa ótal dagblöð, og það jafnvel nýfermdir drengir, en kvenfólkið má ekki eyða einum tveim krónum á ári til að auðga anda sinn. Því síðan Kv.bl. fyrst kom út,—hefir það venjulega flutt nytsamar, fróðlegar og skemtilegar ritgerðir. Sömuleiðis vel valdar sögur og fjölda margt annað, sem kvenfólki er nauðsynlegt og gaman að vita og kunna. Ég get vel dæmt um þetta, því ég hefi keypt það frá upphafi og meira að segja látið binda það í bækur, og það hafa margir, bæði karlar og konur, lesið þessar bækur og þótt þær skemtilegar. Mér finst því að það ætti að vera fyrsta hreyfing okkar í svefnrofunum, að styðja af alefli að útbreiðslu og eflingu Kv.bl., svo það geti gert flestu kvenfólki ljóst, hvað kvenréttindi séu og hvers virði þau eru, ef þau eru rétt notuð, og þá um leið vakið áhuga þeirra fyrir að nota þau. Það er ekki nægilegt, að við séum viðurkendar jafningjar karlmannanna; við verðum að sýna það í verkinu, að svo sé, með því að vera karlmönnunum samtaka í að vinna að hverskonar nauðsynlegum framförum. Hafi eitthvað verið rotið í pólitík þeirra síðari árin, þá eigum við að taka höndum saman við þá menn, sem vilja uppræta eða útrýma spillingunni. Hafi eitthvað farið aflaga á öðrum sviðum, þá eigum við sömuleiðis að taka höndum saman við góða menn, til að kippa því í lag. Með öðrum orðum: við eigum ekki að vera hlutlausir áhorfendur, eins og við höfum verið, heldur beina kröftum okkar til umbóta á öllum sviðum, auk þass sem við gerum viss mál að sérstökum áhugamálum okkar, svo sem hjúkrunar- og spítalamálin. Þegar svo væri komið, mætti með sanni segja, að að kvenréttindin hefðu orðið til blessunar fyrir land og lýð.

Sigríður Jónsdóttir
frá Reynistað.

Til Kvenréttindafélags Íslands í Reykjavík.

Kæru félagssystur!

Eg get ekki stilt mig um að þakka ykkur fyrir afmælisfagnaðinn, hérna í blaðinu okkar allra, fyrir allra manna augum. Eg þakka ykkur hjartanlega fyrir fallegu gjöfina ykkar: klukkuna, sem á að minna mig á tímann, minna mig á að vinna meðan dagur er, því svo kemur nóttin, þegar ekki verður unnið. Eg þakka ykkur hjartanlega hlýju hamingjuóskirnar, blómin og öll góðu orðin ykkar. En allra mest þakka eg ykkur samhugann og góðvildina, vinsemdina og umburðarlyndið, og hvernig þið hafið virt alt á bezta veg fyrir mér, í samvinnunni við ykkur.

Það hefir ekki altaf verið talið neitt sæmdarnafn að kallast kvenréttindakona, eða þótt heiður að vera í félagi, sem kallaðist »Kvenréttindafélag«, og fengist við pólitísk mál. Við höfum heyrt hvað ýmsar útlendar konur hafa orðið að þola fyrir það. Og þótt ólíku sé saman að jafna, þá höfum við þó fengið ofurlítinn reyk af þeim réttnm. En þetta er nú, sem betur fer, að breytast. Nú þykir mörgum konum auðsjáanlega heiður að því. Og ýmsar góðar konur hér á landi eru farnar að viðurkenna að þær *hafi altaf verið* kvenréttindakonur í raun og veru, þótt þær máske hafi ekki látið áður mikið á því bera.

Við vitum allar vel, að margt er ógert eftir, sem við hefðum átt að hafa lagað. Ýmislegar kringumstæður og erfiðleikar draga oft úr starfsþreki og áhuga okkar. En — kæru félagssystur, eins vildi eg mega biðja ykkur: Gefið félaginu okkar, eða þeirri hugsjón, sem það grundvallast á, enn þá meira af áhuga og kröftum ykkar. Leitist við að fá sem flestar góðar konur til að taka höndum saman við ykkur. Fáið dæturnar ykkar ungu, sem nú eru að byrja að spila á eigin spítur, til að koma með. Hver einasta kona, sem vill verða sjálfstæð, og vill geta komið ýmsu nytsömu í verk fyrir sjálfa sig eða aðra, ætti að taka höndum saman við okkur. Allar framfarir mannanna byggjast á hugsjónum. Hugsjón félags okkar er fullkomið jafnrétti karla og kvenna, bæði að lögum og í framkvæmd, og fullkominn þroski kvenna til að standa í öllum þeim ólíku stöðum, sem bezt mætti verða. Þessar hugsjónir eru það takmark sem við erum að keppa að. En gætið þess, að því lengra sem mennirnir komast í fullkomnun og þroska, þess meira hækka þeir kröfurnar. Þær hugsjónir, sem við í fyrstu stefndum að, þegar við höfum félagsskap okkar, eru að sumu leyti uppfyltar. Byrjunarskilyrðin fyrir þroska íslenzkra kvenna eru fengin. En langt er eftir að aðaltakmarkinu sé náð. Sú hugsjón er eins og sjóndeildarhringurinn: Því lengra sem við göngum, því fjær sýnist hann. Þegar við stöndum í lágri dæld, þá sýnist okkur skamt þangað, sem himinn og jörð ber saman, yzta rönd sjóndeildarhringsins sýnist þá rétt fyrir framan okkur. En göngum við upp á hátt fjall, þar sem ekkert skyggir fyrir útsýnið, þá verður sjóndeildarhringurinn óendanlega víður og fjarri. Þannig er því farið með hugsjónirnar. Þær standa aldrei í stað. Í því eru framfarirnar fólgnar að ná hugsjónunum, koma þeim í framkvæmd, vaxa með þeim og yfir þær, og eignast aðrar nýjar, enn þá víðtækari, fagrari og háleitari. —

Það er þetta, sem við verðum allar að skilja og vinna að á komandi tímum. Aldrei hafa menn unnið nóg. Lífið er eilíf framsókn, og á þeirri braut eigum við öll að hjálpast að, konur og karlar, til þess að vinna að sameiginlegu hagsældar og fullkomnunar takmarki.

Með kærri kveðju og þökk fyrir góð samvinnuár, og ósk um góðan og hagsælan vetur fyrir ykkur allar.

Ykkar einlæg

Briet Bjarnhéðinsdóttir.

Verkamannaheimili Stockhólms.

Nú þegar húsnæðisleysið hefir náð hámarki sínu hér í bænum, einkanlega fyrir verkamenn og fátækari fjölskyldurnar, svo varla er mögulegt að fá þak yfir höfuðið, og sagt er að 30—40 fjölskyldur séu enn húsnæðislausar, auk alls þess fólks sem enn þá er ókomið til bæjarins, — þá er það ef til vill ekki alveg ófyrirsynju að minnast dálítið á annað fyrirkomulag, til þess að fá holl og tiltölulega ódýr húsnæði handa verkamanna fjölskyldum. Þetta fyrirkomulag hefir verið tekið upp í Stockhólmi, nú í síðastl. 10 árin, og þótt gefast ágætlega.

Eins og í öllum stærri borgum hefir húsnæðisleysið verið þar mikið og erfitt vandamál, einkum fyrir bæjarstjórnina, og einnig fyrir alla bæjarbúa. Fjöldamörg byggingar-blutafélög hafa verið stofnuð til þess að byggja verkmannabústaði, en af þeim öllum mun hlutafélagið »Stockhólms verkamannaheimili«, í þjóðfélagslegu tilliti vera álitið það heppilegasta.

Aðalhvatamaðurinn í þessu fyrirtæki og lífið og sálin í öllum þeim framkvæmdum er fröken Agnes Lagerstedt, sem áður var kennslukona við alþýðu barnaskóla í Stokkhólmi. Í þessari stöðu sinni, kyntist hún mjög efnaminna fólkinu og ástæðum og efnahag þess. Þessi þekking leiddi til þess að hún fór að sjá og skilja hvílík stórhætta lægi í þessu húsnæðisleysi, bæði í heilbrigðislegu tilliti og siðferðislegu, og þeim þrengslum og neyð til að nota óhæfa og rakafulla bústaði. Hinn mikli áhugi frk. Lagerstedt, og hennar innilega samúð með þeim, sem verstar ástæður höfðu í þessum vandræðum, kom henni til að yfirgefa kennarastöðuna til þess að geta einungis gefið sig að því að koma þessu máli í betra horf, og fá praktiska úrlausn á því, og þeim þjóðfélagslegu málum, sem voru í sambandi við það.

Hennar fyrsta starfsemi í þessa átt var að hún varð umsjónarmaður Stockhólmsborgar fyrir einu fátækrahverfi. Það voru að minsta kosti 6 hús, heldur í minna lagi, sem bærinn átti, en öll niðurnídd og illa útlítandi, utan og innan. Nýi umsjónarmaðurinn tók sér nú sjálf bóltestu í einu af þessu húsum, sem ætluð voru fátæklingum bæjarins. Og svo hófst hennar áhugasama og stranga starf, til þess að endurbæta bústaðarástæður leigendanna.

Hún byrjuði á að segja upp mestu óreglubelgjunum og siðspiltustu, en fyrir hina endurskapaði hún alt fyrirkomulagið. Alt var hreinsað og endurbætt. Smámsaman var all lagað til og fegrað úti og inni. Baklóðirnar voru jafnvel plantaðar með fallegum jurtum og trjám. Reglusemi var viðhöfð í smáu og stóru. Með því að heimsækja fjölskyldurnar, og hjálpa þeim með góðum ráðum, útvegun atvinnu, og ýmsri annari nauðsynlegri hjálp, fóru leigendurnir að líta á fröken Lagerstedt með alt öðrum augum, en þeir líta venjulega á húseigendur, eða umboðsmenn þeirra. Þeir fóru að skoða hana sem góðan vin og hjálparmann.

Árangurinn af þessum fyrstu persónulegu tilraunum hennar voru mjög góðar. Þessi bæjarhluti, sem áður var álitinn versta úrkastið í borginni varð nú sem endurfæddur. Þar búa nú að eins starfsamir og duglegir leigendur, og um leið jókst eftirsóknin mjög eftir þessum íbúðum, þrátt fyrir það að margt var þar að, t. d. vantaði algerlega bæði vatnsleiðslu og skólpræsi.

Til þess nú að geta ráðið bót á hinum auðsjáanlega skorti á góðum og hollum íbúðum handa verkafólki, sem þó væru tiltölulega ódýrar, þá stofnaði fröken Lagerstedt árið 1999 hlutafélag, sem ýmsir áhugasamir bæjarmenn tóku þátt í, til þess að koma á fót góðum verkamannabústöðum. Hlutafélag þetta, sem kallast »Hlutafélagið »Verkamannaheimili Stockhólms«, samanstendur af fólki úr öllum stéttum: frá hinum efnaðri verkamönnum og upp að konungsættinni. Hlutaféð eða höfuð-

stólinn má ekki vera meira en í mesta lagi 500,000 kr. og skiftist í 500 króna hluti.

Að tilhlutun þessa hlutafélags voru nú bygð mörg stór íbúðarhús við tvær götur bæjarins, sem skiftust í smáíbúðir í hundraðatali, ætlaðar efnaminna fólkinu. Lóðirnar keypti félagið af bænum með góðum afborgunar- og rentukjörum.

Flestar íbúðirnar í þessum húsum hafa aðeins eitt herbergi og eldhús. Nokkrir hafa 2 herbergi og eldhús. Þó eru þar einnig íbúðir, sem eru aðeins eitt stórt herbergi með suðuofni, og fáeinar einsmanns íbúðir, með einu herbergi og venjulegum ofni, sem eru leigðar með öllum húsgögnum, og ætluð 3—4 einhleypum mönnum að búa þar saman.

Við útbúnað þessara íbúða, hafa menn haft tvöfalt markmið: að skapa sem bezt og vistlegust heimili handa leigendunum, og gera húsaleiguna svo lága, sem mögulegt væri. Til þess að ná þessu tvöfalda markmiði hefir verið óhjákvæmilegt að útiloka allan óþarfa íburð og skraut, en setja þar alt það, sem nauðsynlegt væri til hægðar og þrifnaðar, og með því skapa verulega skemtileg og þægileg heimili. Þannig eru þar alstaðar búr, eldhúskápar, spítnakassar, vatnsleiðsla og skólpleiðsla, skólpþrór og suðugas.

Allar eru íbúðirnar bjartar og umhyggjusamlega útbúnar, hverri þeirra fylgir forstofa, kjallari og þerriloftsskot. Leigan er langtum lægri en á öllum öðrum íbúðum í Stockhólmi, enda er þar mjög há húsaleiga alment. Leigan á hverri af þessum tveggja herberja íbúðum með öllu tilheyrandi kostar 340 kr. um árið. Eitt herbergi með eldhúsi er leigt fyrir 230 kr. árlega, ef eldhúsið er tiltölulega stórt. En ef það er mjög lítið þá er leigan fyrir þessa íbúð aðeins 160 kr. árlega. Ein stofa með suðuofni kostar 150 kr. og herbergi með húsbúnaði 240 kr. árlega.

Í hverju húsi er þvottastofa til sameiginlegrar notkunar handa leigendunum, sömuleiðis baðherbergi, og brauðgerðarstofa með bakaraofni. Sömuleiðis eru bakhúsin, eða eldhússhlaðið, sem við gætum kallað það, gróðursett ýmsum jurtum, trjám og blómum. Eru þau að mestu ætluð til að vera leikvöllur barnanna, sem venjulega eru mjög mörg í þessum húsum.

Eftirspurnin eftir þessum íbúðum hefir verið mikil, og margfalt meiri en unt var að uppfylla. Því hefir hér farið sem víðar við húsaleigu að valið hefir fremur verið úr reglusömustu og beztu leigendunum. Auk þess hefir fröken Lagerstedt með persónulegum heimsóknum fullvissað sig um að þær fjölskyldur, sem teknar væru, hefðu engan heimilismann, sem hafa mundi skaðleg áhrif á heildina, eða nágrannana. Í húsaleigu samningunum eru ýms ákvæði, sem skýrt taka fram sambandið milli leigjara og leigendanna. Leigjandinn skuldbindur sig samkvæmt samningum til:

1) *að* hafa ekki neinn vandalausann innibúandi hjá sér, án leyfis stjórnar hlutafélagsins eða umsjónarmannsins.
2) *að* spilla ekki reglu og þrifnaði í eða kringum íbúðirnar, eða hafa í frammi háreisti né ósæmilegt framferði, síst af öllu drykkjuskap, né nokkurn skarkala eða uppvöðslusemi á nokkurn veg.
3) *að* sjá um að börn skrifi ekki á veggi né hurðir, með blíanti, krít, eða bleki, né skemmi eignina á nokkurn hátt. Ekki megi þau heldur hafa forstofur, stiga, skúrganga, eða stéttir við húsið fyrir leikvelli, eða að hópa sig þar saman. o. s. frv.

Til þess að vinna sem bezt að hagsmunum leigjendanna hefir fröken Lagerstedt, sem er umsjónarmaður yfir öllum húsunum, stofnað sameignar verzlun fyrir alla íbúana, sem hefir búð sína í einu húsinu. Allur ágóðinn útborgast árlega til viðskiftamannanna að tiltölu við hvað viðskiftin hafa numið miklu á árinu. Sömuleiðis hefir hún komið á fót sameiginlegum sjúkrasjóði handa íbúunum sem borgar þeim, sem veikur verður 5—10 kr. um vikuna, eftir því hvað mikið þeir leggja, sem ýmist er 1 kr. eða 50 aurar

um mánuðinn. Við dauða einhvers af meðlimunum greiðir sjóðurinn frá 50—100 kr. vandamönnum þeirra, sem að minsta kosti hafa verið 2 ár fastir meðlimir sjóðsins.

Heildartilfinninguna milli allra þessara leiguliða hefir frk. L. vakið og haldið við með því að láta halda sameiginlega fyrirlestra og fundi fyrir bæði fullorðna fólkið og unglingana, þar sem ýmiskonar sameiginleg áhugamál þess hafa verið rædd og gerðar ályktanir um. Þessir fundir hafa verið haldnir í fundasal, sem Hlutafélagið hefir látið útbúa handa leiguliðunum, sem er einnig ætlaður fyrir bókasafn og lestrarsal, sömuleiðis fyrir vinnustofu handa æskulýðnum, sem býr í þessum húsum.

Ýmislegt fleira er að segja um þessa miklu og þörfu félagsstarfssemi en það yrði oflangt mál að þessu sinni.

Samvinnufélag enskra verkakvenna.

(The Women's Co-operative Guild).

Í síðasta tbl. »Jus Suffragii« frá 1. sept. stendur grein um aðalfund (Congress) Samvinnufélags enskra verkakvenna. Og með því margt í þessari grein er mjög eftirtektarvert, þá skal hér getið um aðal-atriðin úr henni.

Höf. segir að síðustu dagana í ágúst hafi Samvinnufélag enskra verkakvenna haldið ársfund sinn í Central Hall, sem sé ekki steinsnar frá þinghússbyggingunni í Lundúnum. Margt hafi verið líkt á komið með þessum tveimur fulltrúasamkomum. Konurnar hafi komið frá öllum hlutum Englands, eins og þingmennirnir. Hver fulltrúi kvenna og hver þingmaður séu kosnir af sérstökum flokki manna. Þessir fulltrúar eru kosnir til að ræða og taka ákvarðanir um ýmiskonar mál, sem snerta hagsmuni allrar alþýðu, og af báðum þessum fulltrúaflokkum, eru það konurnar, sem auðsjáanlega eru mest snortnar af stolti og ábyrgðartilfinningu yfir þeim trúnaði, sem þeim er sýndur.

Mönnum hafi oft verið sagt það, að konurnar hlakki til þessa fundar alt árið, meira en nokkurs annars viðburðar. Áhugi þessara fulltrúa verkakvennanna, alvara og fjör, hafi verið meiri en fulltrúanna í Westminster Street. Engin þeirra þurfti að spyrja til vegar til Central Hall. Þær gengu þráðbeint fram að dyrum fundarsalsins, alveg eins og þær hefðu farið eftir áttavita. Þar söfnuðust þær saman í dálitla hópa á stéttinni fyrir utan, áður en þær skiftu sér og gengu til sæta sinna inni í salnum. Alt gekk svo reglulega til sem mest mátti verða. Það var eitthvað svo heimamannlegt í útliti þessara verkakvenna fulltrúa, svo ábyggilegt, eins og þær findu sjálfar til þess að fulltrúastaða þeirra þarna væri réttmæt, eins og staða þeirra áður hefði oft útheimt kjark og framkvæmdarsemi, og þær hefðu aldrei þekt mikið til skemtana, skartgripa eða kenslustunda, eins og ein ræðukonan komst að orði.

Inni í fundarsalnum staðfestist þessi skoðun á fulltrúunum á alvarlegan og nær því hátíðlegan hátt, því enginn, sem þar var áhorfandi, hversu fáfróður sem hann var um starfsemi samvinnufélaga verkakvenna, gat annað en dáðst að þessum feiknafjölda af fulltrúum kvenna. Það var langtum áhrifameira en að sjá hvað stóra samkomu kvenna sem væri, af meðalstéttinni, af því þessir fulltrúar báru það svo augljóslega með sér, að þeir væru þar saman komnir til að ræða um fésýslu og atvinnumál. Auðvitað var fundarsalurinn þakinn af flöggum þeirra. En ekkert annað skraut var þar inni, eða nein viðhöfn á nokkurn hátt, nema það sem óhjákvæmilegt var fyrir fundarhaldið. Fundarstjórinn rétti upp hendina, og allur hlátur og samtal þagnaði á augabragði. Þessi 800 verkakvenna samkoma hafði með sinni greiðu, skynsamlegu og ákveðnu meðferð á fundarmálunum gefið hinni eldri samkomunni hinu megin við götuna, kenningu. Hver ræðukonan eftir aðra stóð upp, gekk fram á gólfið sneri bakinu að fundarstjóranum og sneri sér svo í 5 mínútur í ræðu sinni til hinna fulltrúanna og félaga hennar. Hefði einhver meðalstéttakvenna setið upp á ræðupallinum þá hefði það verið einkennilegt fyrir fundinn. Það leit út sem þarna væru verkakonur Englands ein, samtengd heild. Verkakonur töluðu til annara verkakvenna um málefni, sem þær höfðu áhuga fyrir, en ekki til að taka þátt í þeirra reynslu. Það sýndist í fyrstu vera, hvort sem það væri kona eða karl, dálítið undarlegt og auðmýkjandi. En vissulega hefði engin meðalstéttakona talað með þeirri þekkingu, sem kæmist í hálfkvisti við þá þekkingu, sem þessar konur töluðu um hvert málið á fætur öðru. Þær kröfðust þess, að mæðra-dómnefndirnar, sem verkakvennafélögin ættu að hafa rétt til að hafa fulltrúa í, skyldu hafa þvingunarvald. Þær kröfðust þess að bæjarstjórnirnar sæju um, að útlærðar yfirsetukonur væru í þjónustu bæjarfélagsins, að barnastofum væri komið á fót handa börnum þeirra verkakvenna, sem yrðu að vinna utan heimilis. Öll þessi mál þektu þær miklu betur, en efnuðu konurnar gætu þekt. Þær töluðu með

VERSL. EDINBORG

NÝKOMIÐ

VEFNAÐARVARA
Alklæði
Slifsi
Svuntuefni
Reiðfatatau
Flunel
Gardinu tau
Nátteppi
Silki mikið úrval
Morgunkjólatau
Lastingur sv.
og mislitur
Linoleum
o. m.
fl.

VEFNAÐARVARA
Silki og
ullarsokkar
Lakaléreft
Rúmteppi
allar stærðir
Vefjagarn
Léreft

GLERVARAN
Emailleraðir Katlar, Könnur,
Pottar, Fötur, Diskar o. m. fl.
Kerti, stór og smá, Leikföng
Mjólkurfötur
Hlemmar og
Dörslög. Spil:
L'hombre, Kabale,
Whist og Barna.
Floor-Polish, Brasso,
Hnífapúlv., Blómvasar
Matarstell,
Bollapör og
Þvottastell,
Vindlar, Ferðatöskur, Eld-
spítur, Ferðakistur o. m. fl.
Strástólar. Möbelcream og
Hjólhestalakk. Hnífabretti.

VERSL. EDINBORG